



Fréttabréf Brekkuskóla

2. mars 2015
7. tbl. skólaárið 2014 - 2015
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Veturinn hefur rækilega minnt á sig að undanfögnu, en skólastarfið heldur áfram sinn vanagang og birtan minnir okkur á að vorið er skammt undan. Margt spennandi er framundan í marsmánuði hjá okkur hér í skólanum og má þar fyrst nefna hæfileikakeppnina *Brekkuvision* og *Stóru upplestrarkeppnina*. Morgunmóttökurnar fara í gang að nýju og nú ætla nemendur og starfsfólk að kynna *Gæðaveröldina* sína í þeim heimsóknum. Við ætlum að skreppa í útivist strax í þessari viku þar sem allur skólinn mun mæta í brekkur Hlíðarfjalls og njóta útiveru og félagsskapar.

Upplýsingaver skólans (skólabókasafnið) hefur staðið fyrir lestrarhvatningu með ýmsu móti. Núna er að fara af stað rithöfundaklúbbur sem kynntur er hér í blaðinu. Í marsmánuði munu kennarar koma að undirbúningi að lestrarstefnu fyrir Akureyri og taka fyrstu skrefin í átaki því tengdu í Brekkuskóla, en hver skóli mun sníða leiðir sem henta skólastarfi og mannauð á hverjum stað. Rithöfundaklúbbur upplýsingaversins og Drekkaklúbburinn eru góðir stuðningur við það verkefni.

Í fréttabréfinu hefjum við birtingu á niðurstöðum skólaþings frá 16. október síðast liðinn, en þá tók hópur nemenda, starfsfólks og gesta þátt í að ræða notkun upplýsingatækni í skólastarfi og við leik. Einnig var þar rætt um netöryggi. Næstu vikurnar er niðurstaðan í kynningu innan skólasamfélagsins og sjá bæði hópstjórar þingsins og nemendur um að kynna þær. Reiknað er með að niðurstöðurnar verði nýttar við skipulagningu og þróunar í skólastarfinu.

Nokkrir kennaranemar eru hjá okkur þessa dagana. Kristján er nemi hjá Svanhildi kennara í 9. og 10. bekk, Hrönn er nemi hjá Joris myndlistarkennara og Gerður sem er stuðningsfulltrúi á yngsta aldurstigi skólans er nemi hjá Hjördísi í 4. bekk. Við erum þakklát fyrir að fá að hafa þau meðal okkar hér í skólanum.

Að lokum langar mig að segja frá því að við erum farin að syngja á sal einu sinni í mánuði og munum halda því áfram fram að skólaslitum. Sigríður Hulda tónmenntakennari sér um söngsal.

Með kveðju úr skólanum!
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

Gildi mánaðarins

Eitt af því sem nemendur í Brekkuskóla taka sér fyrir hendur er að taka þátt í hæfileikakeppni innan skólans. Keppnin er haldin í tveimur hlutum, annars vegar fyrir 5. - 7. bekk og fær 4.

bekkur að horfa á. Hins vegar er það 8. - 10. bekkur og 7. bekkur fær að horfa á.

Undirbúningur keppinnar fer fram innan árganga og fara þar fram undankeppnir ef ásókn er mikil. Mikill metnaður er lagður í keppnina og eru verðlaun veitt fyrir þrjú efstu sætin. Dómnefnd mun sjá um það vandasama verkefni. Okkur finnst tilvalið að tileinka gildi mánaðarins þessari skemmtilegu hefð, mikilvægi þess að leggja sig alltaf vel fram og að gera sitt besta, ekki bara í bóklegum greinum, heldur líka á sviði list- og verkgreina.

Keppnin fer fram hjá 5. - 7. bekk þann 19. mars og þann 27. mars hjá 8. - 10. bekk.



Metnaður

100 daga hátíð - tíminn flýgur

Það er árviss viðburður í skólanum okkar þegar 1. bekkur heldur sína 100 daga hátíð. Það er gert þegar nemendur 1. bekkjar hafa verið alls 100 daga í grunnskóla. 1. bekkur telur dagana og safnar þeim saman alveg frá skólabyrjun. Í leiðinni er nemendum kennt að setja einingar saman í tugi. Þegar þau hafa safnað 10 tugum þá kemur í ljós að það er það sama og 100 dagar.



Nemendur 1. bekkjar útbjuggu hálsmen með 100 morgunkornarhringjum og gleraugu með tákni 100

Þennan dag mæta nemendur og kennarar prúðbúnir og telja saman 10 sinnum 10 einingar af góðgæti í kramarhús, þar til þau eru komin með 100 mola í kramarhúsið. Að þessu sinni gerðu nemendur einnig 100 blóm sem þau settu saman í 10 vendi. Nemendur syngja og marsera um skólann. Hátíðin setur skemmtilegan svip á skólastarfið þennan dag.



Brekkuskóli

v/Skólastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Niðurstaða skólaþings Brekkuskóla - Netöryggi

Við munum birta niðurstöður skólaþings frá 16. október hér í fréttabréfinu í 5 hlutum. Í þessum fyrsta hluta kynnum við niðurstöður frá hópnum sem ræddi um netöryggi. Þau leituðust við að svara eftirfarandi tveimur spurningum. Hér birtast helstu niðurstöður.

Hvaða reglur gilda í netsamskiptum?

Það sem þarf að varast:

Ókunnugir.

Nafnleynd.

Forðast ask.fm

Það sem fer á netið er ekki hægt að taka alveg til baka með fullri vissu.

Myndbirtingar án heimildar.

Ókurteisi.

Óreiða.

Trúnaður (þú getur ekki alltaf treyst, ég á – ég má).

Ráð:

Hugsa áður en framkvæmt er.

Trúa ekki öllu.

Enga fordóma.

Byrja ekki of ung. Virða reglur.

Tillitsemi.

Ekkert einelti.

Koma vel fram.

Ekki spyrja persónulegra spurninga.

Sýna virðingu.

Sleppa óþarfa stælum.

Virða skoðanir annarra.

Halda kaldhæðni í lágmarki.



Óreiða í tækninotkun felst í:

Látum um málefni (uppnám um málefni).

Tölvutímanum/nettímanum. (tímalengd)

Að halda að maður sé alltaf að missa af einhverju.

Hraða (erfitt að fylgjast með öllu).

Skiptar skoðanir eru um það hvort netið veiti frelsi. Þeir sem telja svo vera segja það veita frelsi með:

Samskiptasíðum.

Aukinni ábyrgð.

Minni áhyggjum.

Nafnleysi.

Með opnum svæðum.

Lokuðum hópum.

Aðskilinn unglingaheimur - heimur sem fullorðna fólkíð skilur ekki.

Niðurstaða skólaþings - Netöryggi frh.

Hvernig er fyrirmyndarhegðun á netinu?

- Fyrirmyndarhegðun á netinu birtist í því að koma vel fram, vera vingjarnlegur og kurteis. Þegar netið er notað til að hrósa. Það er ekki æskilegt að „dissa“ aðra, dæma eða þvinga. Það á að sýna öðrum virðingu og vera vingjarnlegur. Engin orð eru betri en óþörf orð.
- Sá sem fer varlega í umgengni á netinu hugsar sig alltaf tvisvar um áður en hann framkvæmir, fer varlega, íhugar og talar ekki við ókunnuga. Hann eða hún þorir að hætta þegar það á við. Notar eingöngu æskileg myndbönd og ber virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Fyrirmyndarnotandi sýnir tillitsemi og áttar sig á muninum á raunheimi og tilbúnum heimi. Hann er samkvæmur sjálfum sér og hugsar um sjálfsmynd sína. Hann þorir að vera hann sjálfur og er meðvitaður um þær hættur sem leynast í notkun netsins.
- Fyrirmyndarnotandi varast einstaklinga sem sýna skrítna hegðun á netinu og gera kröfu um að þekka viðkomandi einstakling sem hann á í samskiptum við. Hann nýtir sér forvarnarfræðslu og virðir reglur á netinu.

Tekið saman af nemendum í Nordplus-valgrein, hópstjórum þingsins og þróunarteymi í upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfi Brekkuskóla



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill - mars 2015

1.	2. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir 10. bekkur PISA könnun	3. Kjöt, kjötsúpa og ávextir. Útivistardagur í Hlíðarfjalli sjá skipulag á vefsíðu skólans	4. Grænmetisbuff, salat, sósa og ávextir	5. Gufusoðinn ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir 7. bekkur Stóra upplestrarkeppnin í Brekkuskóla	6. Gúllas, kartöflustappa, grænmeti og ávextir	7.
8.	9. Plökkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	10. Lasagne, brauð, salat og ávextir	11. Silungur, kartöflur, sósa, salat og ávextir 7. bekkur Stóra upplestrarkeppnin haldin í MA	12. Tortilla, grænmeti, sósa og ávextir	13. Grjónagrautur, slátur, salat og ávextir	14.
15.	16. Hakk, spaghetí, salat og ávextir	17. Fiskklattar, kartöflur, sósa, salat og ávextir	18. Lambasnitsel, kartöflur, sósa, salat og ávextir	19. Björkeby fiskur, kartöflur, salat og ávextir Brekkuvísion í 5. - 7. bekk Heimsókn 5 ára leikskólanemenda	20. Sveppasúpa, brauð, álegg og ávextir	21.
22.	23. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	24. Buff, kartöflumús, grænmeti, sósa og ávextir Morgunmóttaka hjá 4. bekk	25. Steiktur fiskur í raspi, kartöflur, sósa, salat og ávextir Söngur á sal	26. Kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Heimsókn 5 ára leikskólanemenda Morgunmóttaka hjá 2. bekk	27. Skr, brauð, álegg og ávextir Páskaleyfi hefst að loknum skóladegi	28.

Frá Upplýsingaveri Brekkuskóla:

Rithöfundaklúbburinn

Nú er tími Ævars vísindamanns liðinn sem lestrarátaks og Rithöfundaklúbbur tekur við.

Rithöfundaklúbburinn virkar þannig að nemendur velja sér höfund og lesa 5 bækur eftir hann og fá þá viðurkenningarskjal.

Á bókasafninu er búið að hengja upp tillögur að höfundum en nemendur mega stinga upp á öðrum höfundum. Þetta er hugsað sem ákveðin leið til að kynna rithöfunda.

Á vefsíðu skólans er slóð á kynningu fyrir verkefnið í frétt um klúbbinn.

Drekaklúbburinn

Drekaklúbbinn er enn í fullum gangi.

Sigríður Margrét Hlöðversdóttir



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir